

Félagslegur auður í Fjallabyggð fyrir og eftir Héðinsfjarðargöng

Kolbeinn H. Stefánsson
Sveinn Arnarsson

Inngangur

Í þessum kafla berum við saman félagslegan auð í Fjallabyggð og berum saman niðurstöður fyrir bæði Siglufjörð og Ólafsfjörð árin 2009 og 2012. Hugtakið „félagslegur auður“ hefur víða skírskotun og fyrir vikið er hægt að nálgast það með ýmsum ólíkum mælingum (Bankston & Zhou, 2002; Fulkerson & Thompson, 2008; Portes, 1998 og 2000; Schafft & Brown, 2003). Með nokkurri einföldum má segja að félagslegur auður snúist um fjögur meginstef, þ.e. 1) samsömum íbúa við samfélagið sem þeir tilheyra (Coleman, 1990; Etzioni, 1995; Putnam, 2000); 2) traust til samborgaranna og stofnana samfélagsins (Coleman, 1990; Portes, 1998; Fulkerson & Thompson, 2008); 3) þátttaka í formlegu félagsstarfi (Portes, *Social Capital: Its Origins and Application in Modern Sociology*, 1998; Putnam, 2000; Swaroop & Morenoff, 2006); og 4) óformleg félagsleg tengsl á milli einstaklinga (Ashida & Heaney, 2008; Coleman, 1990; Granovetter, 1973; Morgan & Sorensen, 1999; Putnam, 2000; Wellman & Wortley, 1990).

Félagslegur auður er mikilvægur mælikvarði á gæði samfélaga en í tilfelli Fjallabyggðar er slíkur auður áhugaverður af öðrum ástæðum. Fjallabyggð er samfélag sem verður til með sameiningu tveggja bæja, bæði með sameiningu stjórnsýslustofnana og með samgöngumannvirki sem styttrir vegalengdina á milli bæjanna svo um munar. Báðar þessar breytingar geta stuðlað að því að íbúar Siglufjarðar og Ólafsfjarðar byrji að líta á sig sem hluta af sama samfélaginu. Það er þó ekki sjálfgefið. Aukin nálægð og ólíkir hagsmunir geta einnig togað í hina áttina, þ.e. aukið aðgreiningu á milli íbúa nýja sveitarfélagsins eftir því hvoru megin við göngin þeir búa. Þá er einnig hugsanlegt að sameiginleg stjórnsýsla og styttri vegalengdir hafi lítil eða engin áhrif, þ.e. að fólk skilgreini samfélag sitt eftir sem áður út frá

þeim bæjarhluta sem það tilheyrir. Samanburður á félagslegum auð fyrir og eftir opnun Héðinsfjarðarganga veitt innsýn í hvort Fjallabyggð er að verða eitt samfélag eða hvort þetta eru tvö nágrannasamfélög sem deila stjórnkerfi.

Eitt samfélag eða tvö?

Árið 2009 reyndum við að meta hvort hvort félagslegur auður íbúa Fjallabyggðar væri til þess fallinn að auðvelda eða tálma því að Siglufjörður og Ólafsfjörður yrðu eitt samfélag í kjölfar opnunar Héðinsfjarðarganga. Niðurstaðan var sú að báðir bæjarkjarna væru ríkir af félagslegum auð en ekki þó svo að það myndi hamla samfélagsmyndun (Kolbeinn Stefánsson og Sveinn Arnarsson, 2010). Síðan eru liðin fjögur ár og ýmsar breytingar orðið í Fjallabyggð, eins og má sjá í öðrum köflum þessarar bókar.

Það er hættulegt fyrir félagsvísindafólk að reyna að spá fyrir um framtíðarþróun enda fjöldi ófyrirséðra og jafnvel ófyrirsjáanlegra þátta sem geta haft áhrif. Það er því ekki laust við að maður finni dálítinn skjálfta þegar maður fær svo í hendurnar ný gögn sem gera manni kleift að meta hvort maður hafði rétt fyrir sér eða ekki. En það er einmitt viðfangsefni þessa kafla, að bera saman mælingar á félagslegum auð í Fjallabyggð fyrir og eftir opnun Héðinsfjarðarganga.

Hin bjartsýna niðurstaða okkar frá 2009 byggði á því að það væri ekkert í gögnunum sem hringdi aðvörunarbjöllum, þ.e. íbúarnir virtust ekki hafa neikvæða afstöðu til þeirra samborgara sinna sem tilheyrðu öðrum bæjarkjarna þó vissulega væri afstaða þeirra mun jákvæðari í garð þeirra sem bjuggu í sama kjarna. Það er hinsvegar ekki þar með sagt að samruni þessara tveggja samfélaga væri óhjákvæmilegur og myndi ganga snurðulaust fyrir sig. Raunar voru þrjár megin niðurstöður sem eru mögulegar:

- 1) Nábyli, þ.e. að þrátt fyrir styttri fjarlægðir og aukin tengsl héldu íbúa hvors bæjarhluta fyrir sig áfram að líta á sig fyrst og fremst sem Siglufirðinga eða Ólafsfirðinga.
- 2) Samruni, þ.e. að íbúar Fjallabyggðar færi í auknu mæli að líta á sig sem hluta af sömu heild.
- 3) Aðgreining, þ.e. að aukin nálægð og tengsl leiddu til sterkari samsömunar með sínum bæjarhluta og neikvæðari viðhorfa í garð íbúa hins bæjarhlutans.

Fyrsta niðurstaðan felur í sér að í raun hafi Héðinsfjarðargöng lítil áhrif á félagsleg tengsl og samsömun íbúa Fjallabyggðar. Vegalengdin á milli bæjarhluta stýttist vissulega og af því hlýst ýmist hagræði en fólk hrærist eftir sem áður að mestu í nærumhverfi sínu og fyrir vikið

haldi það áfram að líta á hinn bæjarhlutann sem nágrannabyggð fremur en að líta á báða bæjarhluta sem hluta af sama samfélagi. Þetta felur ekki í sér neikvæða afstöðu til íbúa hins bæjarhlutans heldur aðeins að fólk samsamar sig sterkar þeim bæjarhluta sem það tilheyrir. Þetta er í raun óbreytt ástand.

Seinni niðurstöðurnar tvær eru um margt áhugaverðari frá kenningalegu sjónarhorni enda leiða þær báðar af auknum tengslum á milli íbúa Ólafsfjarðar og Siglufjarðar. Aukin nálægð og samruni sveitarfélaganna leiðir af sér ýmsar breytingar. Sumar þessara breytinga geta verið þannig að hagsmunir íbúa ólíkra bæjarhluta fari ekki saman (Hardin, 1995). Í slíkum tilfellum geta andstæðir hagsmunir leitt til átaka á milli bæjarhlutanna sem myndi auka samsömun íbúanna við sinn bæjarhluta en leiða til neikvæðari afstöðu til íbúa hins bæjarhlutans. Þó er mikilvægt að hafa í huga að slík niðurstaða leiðir ekki sjálfkrafa af hagsmunaárekstrum, t.d. ef vel tekst til við að gæta jafnvægis á milli ólíkra hagsmuna þannig að íbúum hvorugs bæjarhluta þyki hallað á sinn hlut eða ef sameiginlegir hagsmunir allra íbúa bæjarfélagsins vega þyngra í hugum þeirra en hagsmunaárekstrar innan sveitarfélagsins. Þá er einnig mikilvægt að hafa í huga að í ýmsum málum fara hagsmunir allra íbúa tiltekins bæjarhluta ekki saman. Til dæmis geta hagsmunir yngri Ólafsfirðinga verið aðrir en hagsmunir hinna eldri eða hagsmunir karla og kvenna á Siglufirði verið ólíkir.

Tafla 1. Hversu miklu máli skipta eftirtaldir staðir eða svæði þig persónulega? Meðaltal sundurgreint eftir kyni, bæjarkjarna og aldri.

	Bæjarhluti			Sveitarfélag			Munur	
	2009	2012	Breyting	2009	2012	Breyting	2009	2012
Siglfirðingar								
Karlar	4,67	4,80	0,13	4,14	4,14	0,00	0,53	0,66
Konur	4,75	4,79	0,04	4,05	4,28	0,23	0,7	0,51
							0	0,00
18-25 ára	4,85	4,87	0,02	3,90	3,33	-0,57	0,95	1,54
26-40 ára	4,60	4,71	0,11	3,93	4,00	0,07	0,67	0,71
41-66 ára	4,73	4,78	0,05	4,20	4,31	0,11	0,53	0,47
67+	4,71	4,84	0,13	4,08	4,30	0,22	0,63	0,54
Ólafsfirðingar								
Karlar	4,72	4,79	0,07	4,05	4,10	0,05	0,67	0,69
Konur	4,69	4,74	0,05	4,22	4,21	-0,01	0,47	0,53
18-25 ára	4,77	4,10	-0,67	3,73	3,90	0,17	1,04	0,20
26-40 ára	4,56	4,92	0,36	3,93	4,21	0,28	0,63	0,71
41-66 ára	4,73	4,72	-0,01	4,25	4,12	-0,13	0,48	0,60
67+	4,89	4,94	0,05	4,31	4,33	0,02	0,58	0,61

Árið 2009 fundu íbúar Fjallabyggðar til meiri samsömunar við þann bæjarkjarna sem það bjó í en við sveitarfélagið sem slíkt (Kolbeinn Stefánsson og Sveinn Arnarsson, 2010). Spurningin er þá hvort það hafi breyst í kjölfar opunnar Héðinsfjarðarganga. Ef göngin hafa leitt til aukins samruna samfélaganna tveggja ætti munurinn á samsömun við sveitarfélag og bæjarhluta að minnka. Hafi þau leitt til aukinnar aðgreiningar ætti munurinn að aukast.

Tafla 2. Hversu vel telur þú eftirfarandi lýsingar eiga við um Ólafs- og Siglfirðinga almennt? Meðaltöl sundurgreind eftir bæjarkjörnum.

	Siglfirðingar			Ólafsfirðingar			Munur	
	2009	2012	Breyting	2009	2012	Breyting	2009	2012
Siglfirðingar								
Áreiðanlegir	4,07	4,02	-0,05	3,61	3,57	-0,04	0,46	0,45
Félagsslyndir	4,27	4,21	-0,06	3,69	3,66	-0,03	0,58	0,55
Frumkvöðlar	3,52	3,74	+0,22	3,48	3,31	-0,17	0,04	0,43
Glaðlyndir	4,19	4,20	+0,01	3,60	3,63	+0,03	0,59	0,57
Skemmtilegir	4,16	4,14	-0,02	3,60	3,57	-0,03	0,56	0,57
Heiðarlegir	4,02	4,01	-0,01	3,54	3,47	-0,07	0,48	0,54
Hlýir	4,08	4,06	-0,02	3,54	3,46	-0,08	0,54	0,60
Lítillátir	3,45	3,44	-0,01	3,22	3,17	-0,05	0,23	0,27
Samviskusamir	4,01	3,94	-0,07	3,58	3,50	-0,08	0,43	0,44
Stoltir	4,28	4,25	-0,03	3,72	3,85	+0,13	0,56	0,40
Tillitssamir	3,90	3,86	-0,04	3,50	3,33	-0,17	0,40	0,53
Vinnusamir	4,28	4,18	-0,10	3,73	3,75	+0,02	0,55	0,43
Örlátir	3,92	3,88	-0,04	3,44	3,38	-0,06	0,48	0,50
Meðaltal	4,01	3,99	-0,02	3,56	3,51	-0,05	0,45	0,48
Ólafsfirðingar								
Áreiðanlegir	3,65	3,55	-0,10	4,00	4,05	+0,05	0,35	0,50
Félagsslyndir	3,91	3,66	-0,25	4,08	3,91	-0,17	0,17	0,25
Frumkvöðlar	3,50	3,31	-0,19	3,71	3,47	-0,24	0,21	0,16
Glaðlyndir	3,81	3,63	-0,18	4,21	4,06	-0,15	0,40	0,43
Skemmtilegir	3,75	3,57	-0,18	4,15	4,09	-0,06	0,40	0,52
Heiðarlegir	3,59	3,47	-0,12	3,99	3,96	-0,03	0,40	0,49
Hlýir	3,60	3,46	-0,14	4,08	4,03	-0,05	0,48	0,57
Lítillátir	3,28	3,17	-0,11	3,33	3,48	+0,15	0,05	0,31
Samviskusamir	3,61	3,58	-0,03	4,05	4,09	+0,04	0,44	0,51
Stoltir	3,92	3,89	-0,03	4,28	4,26	-0,02	0,36	0,37
Tillitssamir	3,60	3,89	+0,29	3,88	3,89	+0,01	0,28	0,00
Vinnusamir	3,83	3,43	-0,40	4,46	4,39	-0,07	0,63	0,96
Örlátir	3,48	3,64	+0,16	3,92	3,99	+0,07	0,44	0,35
Meðaltal	3,66	3,56	-0,10	4,01	3,97	-0,04	0,35	0,42

Tafla 1 ber niðurstöðurnar frá 2012 saman við niðurstöðurnar frá 2009. Á heildina liti er ekki um mikla breytingu að ræða. Bæjarhlutinn skiptir íbúa Fjallabyggðar ennþá meira máli en sveitarfélagið. Munurinn er í flestum tilfellum svipaður árið 2012 og hann var árið 2009.

Frá þessu eru tvö frávik, þ.e. fólk á aldrinum 18-25 ára. Á Ólafsfirði dró allnokkuð úr muninum, að stærstum hluta vegna veikari samsömunar við bæjarhluta en einnig að einhverju leyti vegna sterkari samsömunar við sveitarfélagið. Á Siglufirði var þróunin á hinn veginn. Munurinn jókst þó nokkuð og þá alfarið vegna veikari samsömunar við sveitarfélagið.

Tafla 2 ber saman viðhorf íbúa Fjallabyggðar til íbúa bæjarhlutanna tveggja. Árið 2009 voru íbúar sveitarfélagsins almennt jákvæðir í garð þeirra sem bjuggu í hinum bæjarhlutanum en þó mun jákvæðari í garð þeirra sem bjuggu í sama bæjarhluta og þeir sjálfir. Ef bæjarhlutarnir tveir eru að verða eitt samfélag ætti að draga úr þeim muni. Ef aukin nálægð og tengsl hafa hinsvegar leitt til aukinnar aðgreiningar ætti munurinn að vera að aukast. Á heildina litið eru breytingarnar fremur litlar á milli 2009 og 2012 og ekki á einn veg. Íbúar Fjallabyggðar hafa enn jákvæðara viðhorf til þeirra sem búa í sama bæjarhluta og þeir sjálfir en hinn sem búa handan ganganna. Frá þessu eru þó vissar undantekningar.

Munurinn á mati Siglufirðinga á því hve miklir frumkvöðlar íbúar bæjarhlutanna tveggja eru jókst á milli 2009 og 2012, að hluta vegna jákvæðara viðhorfs Siglufirðinga til íbúa Siglufjarðar og að hluta vegna neikvæðara viðhorfs gagnvart íbúum Ólafsfjarðar. Að sama skapi jókst munurinn á mati Ólafsfirðinga á vinnusemi og lítillæti íbúa bæjarhlutanna. Hvað varðar vinnusemina er breytingin alfarið tilkomin vegna neikvæðari viðhorfa gagnvart vinnusemi Siglufirðinga en breytingin á mati á lítillæti er að hluta vegna neikvæðara viðhorfs í garð Siglufirðinga og að hluta vegna jákvæðara viðhorfa Ólafsfirðinga til íbúa þeirra eigin bæjarhluta. Munurinn minnkaði hinsvegar þegar kemur að mati Ólafsfirðinga á tillitsemi íbúanna og sú breyting helgast alfarið af jákvæðari viðhorfi til Siglufirðinga.

Sú hugmynd að félagsleg tengsl, virkni og samsömun séu veikari því stærri sem samfélög eru á sér langa sögu í félagsfræði, sbr. klassískar kenningar Ferdinand Tönnies (1957 [1887]) Emile Durkheim (1984 [1893]) og Georg Simmel (2004 [1900]). Klassísku kenningarnar mótuðust af örri borgarmyndun á 19. öld og myndin sem var dregin upp var af ópersónulegu og formlegu borgarsamfélaginu sem andstæðu hins persónulega samfélagi sveita og þorpa. Þessi andstæða leikur enn hlutverk í félagsfræði samtímans þar sem sumir kalla eftir afturhvarfi til nærsamfélagsins (Etzioni, 1995; Putnam, 2000) á meðan aðrir telja tíma slíkra samfélaga liðinn (Bauman, 2001).

Mikill félagslegur auður getur verið tvíeggja sverð. Annarsvegar benda rannsóknir til þess að mikill félagslegur auður hafi margvísleg jákvæð áhrif á bæði samfélög og einstaklinga (Claibourn & Martin, 2007; Goddard, 200; Lake & Huckfeldt, 1998; Parks-Yancy, 2006). Á hinn bóginn eru einnig rannsóknir sem benda til þess að mikill félagslegur auður í fámennum samfélögum geti komið niður á friðhelgi einkalífsins og frelsi einstaklingsins. Of mikið

félagslegt taumhald getur t.d. leitt til þess að einstaklingar sem falla ekki að norminu hrekjast í burtu. Þá getur verið erfitt fyrir aðkomufólk að komast inn í slík samfélög (Gabriel, 2002; Glendinning, Nuttall, Hendry, Kloep, & Wood, 2003; Stockdale, 2002; Þóroddur Bjarnason, 2007).

Tafla 3. Samsömun við samfélagið. Meðaltal svara um samsömun sundurgreint eftir kyni og búsetu.

Siglufjörður	<u>Karlar</u>			<u>Konur</u>		
	2009	2012	Breyting	2009	2012	Breyting
Tengsl mín við aðra bæjarbúa skipta mig miklu máli	4,35	4,32	-0,03	4,29	4,33	0,04
Ég get leitað til annarra bæjarbúa ef ég þarf á aðstoð að halda	4,24	4,36	0,12	4,23	4,41	0,18
Ég er tilbúin/n að vinna með öðrum bæjarbúum að því að gera bæinn betri	4,52	4,43	-0,09	4,45	4,45	0,00
Ég spjalla reglulega við aðra bæjarbúa á förum vegi	4,41	4,40	-0,01	4,39	4,39	0,00
Ég hef svipað viðhorf til lífsins og aðrir bæjarbúar	4,11	4,09	-0,02	4,13	4,12	-0,01
Þegar á heildina er litið, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu þú með að búa á Siglufirði	4,59	4,69	0,10	4,48	4,61	0,13
Ólafsfjörður						
Tengsl mín við aðra bæjarbúa skipta mig miklu máli	4,13	4,33	0,20	4,37	4,37	0,00
Ég get leitað til annarra bæjarbúa ef ég þarf á aðstoð að halda	4,14	4,27	0,13	4,36	4,38	0,02
Ég er tilbúin/n að vinna með öðrum bæjarbúum að því að gera bæinn betri	4,33	4,43	0,10	4,53	4,51	-0,02
Ég spjalla reglulega við aðra bæjarbúa á förum vegi	4,19	4,34	0,15	4,47	4,45	-0,02
Ég hef svipað viðhorf til lífsins og aðrir bæjarbúar	3,91	3,77	-0,14	4,17	4,18	0,01
Þegar á heildina er litið, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu þú með að búa á Ólafsfirði	4,42	4,43	0,01	4,49	4,37	-0,12

Ef félagslegur auður minnkar eftir því sem samfélög eru stærri mætti ætla að sameining Siglufjarðar og Ólafsfjarðar og opnun Héðinsfjarðarganga myndu draga úr samsömun íbúanna við samfélagið, að því gefnu að það skilgreini nærsamfélagið út frá sveitarfélaginu fremur en bæjarhlutanum. Hér að ofan sáum við vísbendingar um að íbúar Fjallabyggðar samsami sig sínu svæði fremur en sveitarfélaginu í heild. Af því leiðir að samhengi félagslegra tengsla er í grundvallaratriðum það sama og það var fyrir opnun ganganna. Fyrir vikið er ósennilegt að það hafi orðið miklar breytingar á óformlegum félagslegum tengslum í Fjallabyggð.

Tafla 3 sýna niðurstöður ýmissa mælinga á óformlegum félagslegum tengslum íbúa í Fjallabyggð, sundurgreindar eftir kyni og bæjarhluta. Niðurstöðurnar í töflu 3 benda ekki til þess að það hafi dregið úr félagslegum tengslum í Fjallabyggð í kjölfar opunar ganganna. Þær breytingar sem mælast eru í litlar og ekki allar á einn veg.

Tafla 4. Samsömun við samfélagið. Meðaltal svara um samsömun sundurgreint eftir aldri.

		18-25	26-40	41-66	
		ára	ára	ára	67+
Tengsl mín við aðra bæjarbúa skipta mig miklu máli	2009	3,78	4,03	4,34	4,65
	2012	3,80	4,33	4,27	4,59
	Breyting	0,02	0,30	-0,07	-0,06
Ég get leitað til annarra bæjarbúa ef ég þarf á aðstoð að halda	2009	3,78	4,11	4,26	4,53
	2012	3,88	4,35	4,31	4,60
	Breyting	0,10	0,24	0,05	0,07
Ég er tilbúin/n að vinna með öðrum bæjarbúum að því að gera bæinn betri	2009	4,10	4,26	4,51	4,70
	2012	4,16	4,58	4,39	4,61
	Breyting	0,06	0,32	-0,12	-0,09
Ég spjalla reglulega við aðra bæjarbúa á förum vegi	2009	3,84	4,09	4,47	4,64
	2012	3,88	4,42	4,40	4,51
	Breyting	0,04	0,33	-0,07	-0,13
Ég hef svipað viðhorf til lífsins og aðrir bæjarbúar	2009	3,39	3,78	4,18	4,46
	2012	3,40	4,02	4,03	4,30
	Breyting	0,01	0,24	-0,15	-0,16
Þegar á heildina er litið, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu þú með að búa á Siglufirði	2009	4,13	4,34	4,53	4,72
	2012	4,20	4,52	4,51	4,76
	Breyting	0,07	0,18	-0,02	0,04

Tafla 4 sýnir sömu mælingar á óformlegum félagslegum tengslum en niðurstöðurnar eru sundurgreindar eftir aldi. Fyrir fólk á flestum aldursbilum eru litlar sem engar breytingar á milli mælinga. Undantekningin er aldursbilið 26-40 ára, en óformleg félagsleg tengsl þessa hóps virðast vera vera ögn sterkari árið 2012 en þau voru 2009. Ef samsömun þessa aldurshóps við eigin bæjarhluta hefði styrkst en samsömun hans við sveitarfélagið veikt væri hugsanlega ástæða til að kanna hvort eitthvað varðandi samruna sveitarfélagsins væri að auka aðgreiningu á milli bæjarhluta fyrir þennan aldurshóp sérstaklega. Í töflu 1 sáum við hinsvegar að samsömun þessa aldurshóps, og þá sérstaklega Ólafsfirðinga, við eigin bæjarhluta og sveitarfélagið hafði styrkst. Það bendir til þess að samruninn hafi almennt jákvæð áhrif á félagsleg tengsl þessa hóps, bæði innan bæjarhluta og sveitarfélags.

Tafla 5. Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingum: Hvetja ætti fleira íslenskt/erlent aðkomufólk til að setjast að í Fjallabyggð. Meðaltöl sundurgreind eftir búsetu og kyni.

	Íslenskt aðkomufólk		
	2009	2012	Breyting
Siglfirðingar	4,20	4,13	-0,07
Ólafsfirðingar	4,19	4,01	-0,18
Karlar	4,11	4,08	-0,03
Konur	4,27	4,08	-0,19
	Erlent aðkomufólk		
Siglfirðingar	2,99	3,15	0,16
Ólafsfirðingar	2,97	2,94	-0,03
Karlar	2,92	3,03	0,11
Konur	3,02	3,12	0,10

Í töflu 5 má sjá niðurstöðu úr greiningu á viðhorfi íbúa Fjallabyggðar til þess að íslenskt og erlent aðkomufólk setjist að í sveitarfélaginu, sundurgreint eftir kyni og bæjarhluta. Fyrirfram er ekki ljóst hvaða áhrif samruninn ætti að hafa á þessi viðhorf. Í aðra röndina mætti ætla að stærra samfélag sé opnara. Á hinn bóginn má leiða líkur að því að samruni sveitarfélagsins dragi úr þörfinni fyrir ný andlit enda samfélagið stærra mengi en áður. Miðað við þær niðurstöður sem voru birtar í myndum 1-4, sem benda til þess að Fjallabyggð sé í raun tvö samfélög í einu sveitarfélagi, er sennilegast að breytingarnar sé sáralitlar ef einhverjar. Tölurnar í töflu 5 benda til að svo sé. Á heildina litið má segja að viðhorf íbúa Fjallabyggðar til aðkomufólks sé jákvætt en þó mun jákvæðara til aðkomufólks

með íslenskt ríkisfang. Þessi viðhorf breyttust lítið á milli 2009 og 2012. Ef eitthvað, þá má segja að viðhorf Ólafsfirðinga og kvenna til íslensks aðkomufólks hafi orðið ögn neikvæðara en að viðhorf Siglufirðinga til erlends aðkomufólks hafi orðið ögn jákvæðari.

Félagsleg virkni

Síðasta nálgunin á félagslegan auð sem við tókum fyrir hér er þátttaka í formlegu félagsstarfi, en það er einmitt sú nálgun sem Robert Putnam lagði til grundvallar frægrar bókar sinnar *Bowling Alone* (2000) og komst að þeirri niðurstöðu að félagslegur auður færi mjög dalandi í Bandaríkjunum. Það eru í raun tvö megin vandamál við að nota þátttöku í félagsstarfi sem mælingu á félagslegan auð. Hið fyrra er að ef félagsleg virkni er að færast úr formlegu félagsstarfi og í óformlegri farveg þá er hætt við að fólk hrapí að þeirri ályktun að félagslegur auður sé að dala. Þetta er ekki vandamál hér enda notum við ýmsar aðrar mælingar á félagslegum auð.

Hitt vandamálið er að það félagsstarf sem spurt er um þarf að endurspegla það formlega félagsstarf sem er í boði. Það þýðir að annað hvort þarf að spyrja um allt það félagsstarf sem er í boði eða að það félagsstarf sem spurt er um endurspegli almenna félagslega virkni þó svo ekki sé spurt um allt sem fólk getur tekið þátt í. Segjum t.d. að árið 2012 hafi íbúum Fjallabyggðar staðið til boða að taka þátt í félagsstarfi sem ekki var í boði árið 2009 og gefum okkur enn fremur að þessi nýi valkostur sé afar vinsæll þannig að fólk dregur úr eða hættir þátttöku á öðrum sviðum. Ef ekki er spurt um þetta nýja félagsstarf árið 2012 þá er hætt við því að virkni í félagsstarfi mælist minni þó hún sé sé í raun jafn mikil og áður. Í rannsókninni á áhrifum Héðinsfjarðarganga var spurt um þátttöku í sömu tíu gerðum félagsstarfs árin 2009 og 2012. Það er því möguleiki að munurinn á milli bæjarhluta og á milli tímamunkta endurspegli ekki mun í þátttöku í félagsstarfi heldur mun á framboði af slíku starfi. Það verður því að taka niðurstöðunni með nokkrum fyrirvara.

Fyrirfram er ekki ljóst hvaða áhrif Héðinsfjarðargögn gætu haft á þátttöku í félagsstarfi. Að því gefnu að stærra samfélag dragi úr félagslegum auð mætti ætla að samruni Ólafsfjarðar og Siglufjarðar myndi draga úr félagslegri virkni. Hér að ofan sáum við hinsvegar vísbendingar um að bæjarhlutarnir í Fjallabyggð séu enn að einhverju leyti enn tvö samfélög og af því leiðir að breytingar á félagsstarfi ættu að vera fremur litlar. Hinsvegar er annað sem gæti dregið úr virkni í félagsstarfi. Í fámennu samfélagi getur verið erfitt að halda úti félagsstarfi. Þeir sem er annt um að halda út slíku starfi þrýsta þá fastar á fólk að taka þátt. Þá getur það ýtt undir þátttöku þeirra að tiltekin starfsemi leggur upp laupana ef fólk tekur ekki þátt. Það er því erfðara að treysta á að aðrir haldi uppi félagsstarfi sem manni er annt um

en hefur takmarkaðan vilja til að taka þátt í (sjá Olson, 1971[1965] um vandkvæði við að virkja fólk til þátttöku í ýmiskonar hreyfingum og félagsstarfi). Þetta getur leitt til þess að ýmsir sem eru virkir í félagsstarfi dragi sig úr því enda sé auðveldara að manna starfið eftir að gögnin opnuðu. Á hinn bóginn er hugsanlegt að styttri ferðatími á milli bæjarhluta opni möguleika á nýju félagsstarfi, t.d. að fólk geti nú náð saman nægilega stórum hópi um eitthvað hugðarefni eða eigi auðveldara en áður með að taka þátt í félagsstarfi sem var þegar til staðar í hinum bæjarhlutanum. Slíkt gæti leitt til aukinnar þátttöku í félagsstarfi, en eins og áður hefur komið fram er hætt við að slík breyting mælist ekki í þeim gögnum sem við við erum að vinna með.

Tafla 6. Hlutfall sem tók ekki þátt í félagastarfi og meðal virkni þeirra sem tóku þátt. Samanburður á 2009 og 2012, sundurgreint eftir aldri, búsetu og kyni.

	2009		2012	
	% sem tók engan þátt	Meðaltal	% sem tók engan þátt	Meðaltal
Allir	12,8	16,8	18,7	16,1
18-25 ára	15,4	16,0	34,8	14,6
26-40 ára	10,8	17,6	12,0	17,4
41-66 ára	11,3	17,0	14,8	16,4
67+	18,3	15,7	28,6	14,4
Siglfirðingar	15,5	16,5	19,1	15,8
Karlar	16,0	16,3	16,2	15,5
Konur	15,3	16,6	22,3	16,3
Ólafsfirðingar	8,9	17,1	18,0	16,6
Karlar	10,9	16,6	17,5	16,5
Konur	6,7	17,6	18,5	16,7

Tafla 6 dregur saman upplýsingar um virkni í félagsstarfi í Fjallabyggð, þ.e. hlutfall þeirra sem ekki tóku þátt í neinu því félagsstarfi sem spurt var um og meðal virkni þeirra sem tóku þátt í félagsstarfi. Meðal virkni var fengin með því að sameina níu af tíu spurningum um þátttöku í hverskyn félagsstarfsemi í einn svarskala. Spurningunni um þátttöku í kvenfélögum var sleppt enda á hún aðeins við um annað kynið og myndi því draga úr sambærileika samsettu mælingarinnar á milli kynjanna. Á heildina litið fjölgaði þeim sem ekki tóku þátt í neinu félagsstarfi, úr 12,8% árið 2009 í 18,7% árið 2012. Breytingin var mest á meðal fólks á aldrinum 18-25 ára, úr 15,4% í 34,8% en einnig veruleg fyrir fólk 67 ára og eldra, úr 18,3% í 28,6%. Þá var aukningin mikil á meðal kvenna á Ólafsfirði, úr 6,7% í 18,5% en einnig

mældist aukning á meðal karla á Ólafsfirði, úr 19,9% í 17,5%, og kvenna á Siglufirði, úr 15,3% í 22,3%. Breytingar á virkni þeirra sem tóku þátt voru minni en á þó má segja að það hafi dregið úr þátttöku hinna virku í öllum þeim hópum sem hér eru til skoðunar. Þessi niðurstaða er vísbending um að dregið hafi úr þátttöku í formlegu félagsstarfi í Fjallabyggð í kjölfar þess að gögnin opnuðu en þó verður að hafa í huga þann fyrirvara sem við settum hér að ofan. Það er ekki hægt að útiloka að fólk hafi fundið félagslegri virkni sinni nýjan farveg.

Tafla 7 svo breytingar á þátttöku í mismunandi tegundum félagsstarfs. Stærstu breytingarnar eru að það dregur umtalsvert úr þátttöku karla á Siglufirði í foreldrafélögum og þátttöku kynbræðra þeirra á Ólafsfirði í tónlistarstarfi. Þá dró verulega úr þátttöku kvenna á Ólafsfirði í íþróttafélögum og í foreldrafélögum.

Tafla 7. Þátttaka í félagsstarfi. Hlutfall íbúa sem tekur að einhverju leyti þátt í tilteknu félagsstarfi, sundurgreint eftir kyni, bæjarkjarna.

	Karlar			Konur		
	2009	2012	Breyting	2009	2012	Breyting
Siglufjörður						
Íþróttafélagi	52,4	43,9	-8,5	46,3	47,1	0,8
Björgunarsveit	22,3	17,4	-4,9	9,4	9,3	-0,1
Tónlistarstarfi	21,4	25,2	3,8	26,1	29,6	3,5
Góðgerðarsamtökum	29,1	35,7	6,6	52,2	51,3	-0,9
Stjórnmalaflokk	19,9	26,3	6,4	17,2	18,5	1,3
Verkalýðsfélagi	20,9	15,8	-5,1	24,1	24,2	0,1
Foreldrafélagi	25,2	10,5	-14,7	29,1	20,3	-8,8
Trúarlegu starfi	15,5	18,3	2,8	24,6	32,5	7,9
Kvenfélagi	-	-		37,0	31,4	-5,6
Öðru félagsstarfi	47,6	46,1	-1,5	49,3	51,2	1,9
Ólafsfjörður						
Íþróttafélagi	56,6	59,4	2,8	60,0	41,9	-18,1
Björgunarsveit	25,6	21,5	-4,1	21,3	15,4	-5,9
Tónlistarstarfi	25,6	13,8	-11,8	32,0	23,7	-8,3
Góðgerðarsamtökum	33,3	40,0	6,7	58,7	62,7	4,0
Stjórnmalaflokk	31,0	26,2	-4,8	21,3	16,2	-5,1
Verkalýðsfélagi	22,5	24,6	2,1	24,0	20,5	-3,5
Foreldrafélagi	17,8	25,0	7,2	44,0	30,7	-13,3
Trúarlegu starfi	28,7	28,8	0,1	38,7	34,2	-4,5
Kvenfélagi	-	-	-	32,0	34,2	2,2
Öðru félagsstarfi	55,8	55,2	-0,6	60,0	59,5	-0,5

Lokaorð

Þær niðurstöður sem voru birtar í þessum kafla benda til þess að Fjallabyggð sé enn tvö samfélög í einu sveitarfélagi, þrátt fyrir að vegalengdin á milli bæjarhluta hafi orðið umtalsvert styttri við opnun Héðinsfjarðarganga. Litlar breytingar urðu á samsömun íbúanna, bæði við sveitarfélagið og við sinn bæjarhluta og íbúarnir hafa enn jákvæðari viðhorf til þeirra sem búa í sama bæjarhluta og þeir sjálfir en til annarra íbúa sveitarfélagsins.

Þrátt fyrir þessa niðurstöðu væri óvarlegt að álykta að eitthvað hafi farið úrskeiðis við samrunan. Í fyrsta lagi var gögnunum safnað árið 2012 en göngin opnuðu síðla árs 2010. Það var því skammt frá liðið en það er ekki ósennilegt að það taki mun lengri tíma fyrir tvö samfélög að renna saman í eitt. Til dæmis má ætla að fólk sé í sterkari tengslum við íbúa sín bæjarhluta og það tekur einfaldlega tíma að byggja upp jafn mikil og sterk tengsl við sveitungana handan ganganna. Þá má einnig ætla að það gæti nokkurra kynslóðaáhrifa, þ.e. að það verði yngri kynslóðirnar sem alast upp í sameinuðu sveitarfélagi tamara að líta á sig sem hluta af einu samfélagi. Af þessu leiðir að það væri gagnlegt að endurtaka rannsóknina að einhverjum árum liðnum. Þá er ekki óþekkt að það sé einhver rígur á milli bæjarhluta innan sveitarfélaga og því í sjálfu sér ekkert óeðlilegt við að fólk samsami sig sterkar sínu svæði en bæjarfélaginu í heild. Niðurstöðurnar benda einnig til þess að viðhorf fólks til íbúanna handan ganganna séu eftir sem áður jákvæð sem er vísbending um að ólíkir hagsmunir sem leiða af samrunanum séu ekki að valda verulegum ágreiningi á milli bæjarhluta.

Bibliography

- Ashida, S., & Heaney, C. (2008). Differential Associations of Social Support and Social Connectedness with Structural Features of Social Networks. *Journal of Aging and Health, 20*, 872-893.
- Bankston, C., & Zhou, M. (2002). Social Capital as Process: The Meanings and Problems of a Theoretical Metaphor. *Sociological Inquiry, 72*, 285-317.
- Bauman, Z. (2001). *Community: Seeking Safety in an Insecure World*. Cambridge: Polity Press.
- Claibourn, M., & Martin, P. (2007). The Third Face of Social Capital. How Membership in Voluntary Associations Improves Policy Accountability. *Political Research Quarterly, 60*, 192-201.
- Coleman, J. (1990). *Foundations of Social Theory*. Cambridge, MA: Harvard University Press.
- Durkheim, E. (1984 (1893)). *The Division of Labour in Society*. New York: Free Press.
- Etzioni, A. (1995). *The Spirit of Community: Rights, Responsibility and the Communitarian Agenda*. London: Fountain Press.

- Fulkerson, G., & Thompson, G. (2008). The Evolution of a Contested Concept: A Meta-Analysis of Social Capital Definitions and Trends. *Sociological Inquiry*, 78, 536-557.
- Gabriel, M. (2002). Australia's Regional Youth Exodus. *Journal of Rural Studies*, 18, 2009-2012.
- Glendinning, A., Nuttall, M., Hendry, L., Kloep, M., & Wood, S. (2003). Rural Communities and Well-being: A Good Place to Grow Up? *Sociological Review*, 51, 1360-80.
- Goddard, R. (2003). Relational Networks, Social Trust, and Norms: A Social Capital Perspective on Students' Chances of Academic Success. *Educational Evaluation and Policy Analysis*, 25, 59-74.
- Granovetter, M. (1973). The Strength of Weak Ties. *American Journal of Sociology*, 78, 1360-80.
- Hardin, R. (1995). *One For All: The Logic of Group Conflict*. Princeton: Princeton University Press.
- Kolbeinn Stefánsson og Sveinn Arnarsson. (2010). Félagslegur auður í Fjallabyggð. Í Þóroddur Bjarnason, & Kolbeinn Stefánsson, *Fjallabyggð fyrir Héðinsfjarðargöng. Samgögnur, samfélag og byggðapróun* (bls. 152-160). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Lake, R., & Huckfeldt, R. (1998). Social Capital, Social Networks, and Political Participation. *Political Psychology*, 19, 567-584.
- Morgan, S., & Sorensen, A. (1999). Parental Networks, Social Closure, and Mathematics Learning: A Test of Coleman's Social Capital Explanation of School Effects. *American Sociological Review*, 64, 661-681.
- Olson, M. (1971(1965)). *The Logic of Collective Action: Public Goods and the Theory of Groups*. Cambridge MA: Harvard University Press.
- Parks-Yancy, R. (2006). The Effects of Social Group Membership and Social Capital Resources on Careers. *Journal of Black Studies*, 36, 515-545.
- Portes, A. (1998). Social Capital: Its Origins and Application in Modern Sociology. *Annual Review of Sociology*, 24, 1-24.
- Portes, A. (2000). The Two Meanings of Social Capital. *Sociological Forum*, 15, 1-12.
- Putnam, R. (2000). *Bowling Alone: America's Declining Social Capital*. New York: Simon & Schuster.
- Schafft, K., & Brown, D. (2003). Social capital, Social Networks, and Social Power. *Social Epistemology*, 17, 329-342.
- Simmel, G. (2004 (1900)). *The Philosophy of Money*. London: Routledge.
- Stockdale, A. (2002). Out-migration From Rural Scotland: The Importance of Family and Social Networks. *Sociologica Ruralis*, 42, 41-64.
- Swaroop, S., & Morenoff, J. (2006). Building Community: The Neighbourhood Context of Social Organization. *Social Forces*, 84, 1665-1695.

Póroddur Bjarnason. (2007). Á leið af landi brott? Framtíðaráform íslenskra unglunga vorið 2007. Í *Afmælisrit Háskólans á Akureyri*.

Tönnies, F. (1957(1887)). *Community and Society*. New York: Harper & Row.

Wellman, B., & Wortley, S. (1990). Different Strokes from Different Folks: Community Ties and Social Support. *American Journal of Sociology*, 96, 558-588.